



**Gósentíð var fyrir lögmannsstofur á árunum eftir hrun en Þórólfur vonar að rústabjörgunum muni linna sem fyrst enda vilji lögmennt frekar koma að uppbyggingu.**

VB/MYND HAG

mér sýnist við vera komin í vörn á nýjan leik sökum þessa sjúkdóms sem nú herjar á heimsbyggðina," segir Þórólfur.

**Kyrrstaða ekki kjöraðstæður**  
Áratugurinn sem er að renna sitt skeið hafði í för með sér ákveðið gullaldarskeið fyrir lögmannsstofur landsins. Kröggurnar sem fylgdu efnahagslegu skipbroti landsins höfðu það í för með sér að eftirspurn eftir þjónustu lögfróðra var gífurleg og afkoma stærstu lögmannsstofanna eftir því. Það ástand varði þó ekki endalaust og grynnaði eilítið á verkefnastöðunni þegar síga fór á seinni hluta áratugarins, uppbygging fór á fullt og hjól atvinnulífsins snerust á nýjan leik.

„Það er vissulega rétt að kyrrstaða efnahagslífsins telst ekki til kjöraðstæðna fyrir lögmennt, við þrífumst á breytingum og kviku ástandi. Í kjölfar efnahagshrunsins átti sér stað heildaruppstokkun í íslensku efnahagslífi sem kallaði á gríðarlega aðkomu lögmanna,“ segir Þórólfur.

Þótt blikur séu á lofti nú segir Þórólfur alls kostar óvíst hvort annað slíkt skeið blasi við stéttinni. „Sem stendur er meiri kyrrstaða og lítil uppstokkun farin af stað. Við höfum haft talsvert að gera í að liðsinna fólki í þeim verkefnum sem veiran og viðbrögð við henni hafa skapað en enn sem komið er er það fjarri því að ná sömu hæðum og árin eftir hrun,“ segir Þórólfur og bætir við að mögulegt sé að eitthvað verði að gera á þessu sviði komandi mánuði og ár. Að því leyti gæti hálfgerit svikalogn verið í gangi nú.

„Það er óhjákvæmilegt að það verða einhverjar breytingar á eignarhaldi og víða munu félög þurfa að endurfjármagna og skipuleggja sig upp á nýtt. Líkt og allir landsmenn vonum við síðan að hér verði öflug upp-sveifla áður en langt um líður og að ferðaþjónustan nái aftur vopnum sínum og fyrri styrk. Það er það sem við viljum helst starfa við, að styðja öflug atvinnufyrirtæki í stað þess að vera í einhverjum björgunarleiddöngum í brunarústum,“ segir Þórólfur.

## 86. sæti – Logos

# Varnarsigur vegna útgöngu Bretana

Óvissan í efnahagslífinu síðasta ár litaði nokkuð gengi Logos en hún var þó öllu minni en það þrumuský sem lúrdi yfir Bretum vegna Brexit. Framkvæmdastjóri félagsins vonar að stofan verði til skamms tíma í rústabjörgunum og geti sem fyrst byrjað að styðja stöndug fyrirtæki.

**V**íð erum stærsta lögmannsstofa landsins og það er í mörg horn að líta. Þannig hefur óneitanlega farið töluverður tími í að sinna stjórn félagsins,“ segir Þórólfur Jónsson, framkvæmdastjóri lögmannsstofunnar LOGOS, en hann tók við framkvæmdastjórn í félaginu síðasta vor. Helga Melkorka Óttarsdóttir hafði stýrt félaginu árin sex þar á undan.

Hagnaður Logos á síðasta rekstrarári nam rúmlega 372 milljónum króna og dróst saman um fimmtung frá árinu á undan. Tekjur námu 1,9 milljörðum króna og drógust saman um tæp níu prósent. Rekstrargjöld lækkuðu að sama skapi eða um þrjú prósent og námu rúmlega 1,3 milljörðum. Starfsmönnum fækkaði eilítið milli ára, fóru úr 66 meðalstöðugildum niður í 61.

„Ég hef reynt að halda mínu striki, halda áfram hefðbundinni lögmennsku og sinna viðskiptavinunum samhliða fram-

kvæmdastjórninni. Það hefur þýtt að dagarnir hafa lengst og álagið aukist. Almennt hefur það gengið vel. Ég hef gaman af samskiptum við fólk, starfið er fjölbreytt og það er áskorun að sjá hvar við getum sótt fram og gert betur,“ segir Þórólfur.

Um svipað leyti og Þórólfur tók við höfðu efnahagsleg óveðursský hreiðrað um sig á Íslandi með tilheyrandi óvissu. Óvissan var hins vegar öllu meiri í Bretlandi, vegna útgöngu ríkisins úr Evrópusambandinu og alls þess havaris sem fylgdi, og hafði það áhrif á afkomu starfsemi LOGOS þar ytra.

„Brexit-málið fór illa með efnahagslífið og markaðinn úti þannig að við upplifðum

## LOGOS

- Þórólfur Jónsson tók við stjórnartaumunum hjá lögmannsstofunni Logos síðasta vor af Helgu Melkorku Óttarsdóttur sem stýrt hafði stofunni síðustu sex ár.
- Lögmannsstofan er sú stofa sem getur rakið sögu sína lengst aftur af þeim stofum sem starfa hér á landi eða allt aftur til Sveins Björnssonar og málflytningsskrifstofu hans í Kirkjustræti árið 1907.
- Eignir Logos í árslok námu 889 milljónum króna og eiginfjárlutfallið var 53%. Rekstrartekjur námu 1,9 milljörðum króna.

meiri samdrátt þar heldur en hér heima. Við þurftum því að grípa til vissra breytinga sem mér sýnist hafa verið að skila sér. Þær fólust meðal annars í að fækka störfum og breyta aðeins skipulaginu. Mér sýnist á öllu að það hafi náðst að koma starfsemi þar í ágætan farveg og því má segja að við höfum unnið ákveðinn varnarsigur. Við höfðum væntingar til þess að ná meiri sókn á þessu ári en

## BYGGJA Á TRAUSTUM GRUNNI

Logos er sú lögmannsstofa sem á sér hvað lengsta sögu hér á landi og þar er því byggt á rötgrónum hefðum. „Það er vissulega rétt að okkar fyrirtækjamenning er að mörgu leyti klassísk og íhaldssöm. Aftur á móti erum við ekki steingervingar og höfum lagt á það ríka áherslu í gegnum tíðina að tileinka okkur nýjungar þannig að það nýtist viðskiptavinum. Nýir tímar kalla á breytt vinnubrögð,“ segir Þórólfur.

„Brexit-málið fór illa með efnahagslífið og markaðinn úti þannig að við upplifðum meiri samdrátt þar heldur en hér heima.“